

**GJALDSKRÁ**

fyrir prófun búvéla.

1. flokkur: Gjald kr. 530,00  
handverkfæri, handvagnar, brýnsluvélar.
2. flokkur: Gjald kr. 1 060,00  
jarðvinnslutæki, tengivagnar, hálfbelti og keðjur, sláttuvélar, snúningsvélar, múgavélar, færíbönd, súgþurrkunarbásarar, rafgirðingar, garðsláttuvélar, drykkjarker.
3. flokkur: Gjald kr. 1 600,00  
áburðardreifrarar, taliur, dælur, sniglar, ámoksturs- og hleðslutæki, sláttutætarar, heyhleðsluvagnar, heybindivélar, heyflutningsbásarar, flokkunarvélar, sáð- og plöntunarvélar, hitunartæki til þurrkunar.
4. flokkur: Gjald kr. 2 100,00  
gröfuvélar, úðunartæki, upptökuvélar, heyþurrkunarkerfi.
5. flokkur: Gjald kr. 2 600,00  
traktorar, vélþurrkunartæki fyrir hey, kornþreskivélar.

Um önnur verkfæri en tilgreind eru hér að ofan skal prófunargjald ákvarðað af Rannsóknastofnun landbúnaðarins í hverju einstöku tilfelli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 19. apríl 1982.*

**F. h. r.**

**Sveinbjörn Dagfinnsson.**

*Guðmundur Síghórsson.*

**REGLUGERÐ**

um takmarkanir á þorskveiðum togbáta 1.—7. maí 1982.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. maí 1982 til og með 7. maí 1982, eru togskipum, öðrum en þeim, er togveiðar stunda samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 688 28. desember 1981, um takmarkanir á þorskveiðum togskipa árið 1982, bannaðar allar þorskveiðar.

2. gr.

Á þeim tíma, er togbátar mega ekki stunda þorskveiðar samkvæmt 1. gr. má hlutfall þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Þorskaflí undir þeim mörkum skoðast sem löglegur aukaafli, en fari þorskaflí veiðiferðar yfir 15% af heildarafla, verður það sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávaraflla.

3. gr.

Komi togbátur að landi með afla á tímabilinu frá og með 1. maí til og með 7. maí 1982, og hlutfall þorsks í afla reynist herra en 15%, skal litið svo á að hér sé